

Nr. 024 / 14 Glófaxi VE 300***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 0968
IMO nr 6513920
Smíðaður: Boizenburg Þýskalandi 1964 stál
Stærð: 243,4 brl. 349 bt.
Mesta lengd: 38,95 m Skráð lengd: 35,04 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Callesen 552 kW 1975
Fjöldi skipverja: 11



Glófaxi ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. mars 2014 var Glófaxi VE 300 á netaveiðum fyrir sunnan Vestmannaeyjar. Veður 17 m/sek.

Netatrossa sem verið var að draga var dregin aftur á skut til niðurlagningar þegar búið var að greiða úr henni á netaborðinu frammi á aðalþilfari. Við drátt hennar aftur á skut flæktist netariðillinn utan um keflin (valsana) á spilinu (dráttarkarlinum) á „bátalifarínu“ og losa þurfti efra keflið af. Þegar þessu var lokið og skipverji sem vann að þessu gangsetti dráttarkarlinn þá gripu keflin í vettling vinstri handar og dró höndina inn í valsinn. Slasaði streittist á móti og áður en hann stöðvaði spilið var handleggurinn kominn upp að olnboga. Skipverji sem stóð þarna hjá breytti snúningsátt spilsins og keyrði höndina út úr valsinum.

Litlir áverkar sáust á handleggnum en slasaði fann til mikils sársauka. Eftir að drætti lauk seinna um daginn var slasaða komið til lækis.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða þurfti að taka eitt net úr og bæta öðru við svo einhver töf varð á drættinum. Þegar netin voru ekki dregin aftur á skut og fóru að hrúgast upp á netaborðinu fór hann aftur á til að athuga hvað væri að. Hann sagðist hafa þurft að fjarlægja efra keflið af því flækjan var svo mikil. Þegar hann var búinn að þessu tók hann um netateinana til að koma þeim á milli valsana og ræsti dráttarkarlinn. Vettlingurinn lenti strax inn í valsana með netinu þar sem

snúningsátt þeirra var önnur en hann reiknaði með því henni hafði verið breytt áður en hann koma að flækjunni;

- að ræsibúnaður spilanna aftur á skut skipsins, bæði dráttarkarls og netaniðurleggjara, er stjórnað með einföldum magnloka. Snúningsátt dráttarkarlsins var stjórnað af skiptiloka en eins loki er fyrir netaniðurleggjarann. Allir þessi lokar eru í seilingarfjarlægð frá dráttarkarlinum;
- að slasaði sagðist hafa verið of upptekinn við að ná hendinni úr klemmunni í staðinn fyrir að stöðva spilin strax en þá hefðu áverkarnir líklega ekki orðið eins miklir og þeir urðu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að slasaði hafði ekki athugað snúningsáttina áður en hann gangsetti spilið.